

Sjálfbærni-verkefni – framvinda 2014

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framvindu Sjálfbærni-verkefnis Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar á árinu 2014. Gerð er grein fyrir helstu verkefnum á tímabilinu frá nóvember 2013 – loka október 2014.

Starfsmenn verkefnisins

Starfsmenn verkefnisins fyrir hönd Austurbrúar voru í upphafi árs Guðrún Á. Jónsdóttir og Sigrún Víglundsdóttir. Snemma árs bættist Else Möller í hópinn. Lilja Guðný Jóhannesdóttir vann einnig við verkefnið fyrir hluta árs allt þar til hún tók við umsjón Fab Lab Austurlands í ágúst.

Ársfundur

Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins 2014 var haldinn á Hótel Héraði 29. apríl. Tæplega 60 manns sóttu fundinn.

Í þetta sinn var sjónum beint sérstaklega að menntamálum og voru gestafyrirlesarar tveir. Anna Guðrún Eðvarðsdóttir, doktorsnemi á menntavísindasviði Háskóla Íslands flutti erindi um menntun í dreifbýli og áhrif menntunar á byggðaþróun og sjálfbærni og Þóroddur Helgason fræðslustjóri Fjarðabyggðar sagði frá mælingum í starfi grunnskólans.

Í hópavinnu var leitað svara við spurningunum: Hvernig mælum við gæði skóla?, Hvernig er hægt að nýta Sjálfbærni-verkefnið í skólastarfi/rannsóknunum?, Hvernig getur þekkingarsamfélagið stuðlað að sjálfbærri þróun á Austurlandi?, Vantar menntunarvísa í Sjálfbærni-verkefnið og þá hvaða? Ábending kom fram um að taka inn fjölbreyttari mælikvarða í vísinn um gæði skóla.

Lögð var fram tillaga um breytingu á vísi 1.2 „Ánægja starfsfólks“ og var hún samþykkt.

Að venju kynntu fulltrúar fyrirtækjanna niðurstöður vöktunar á völdum vísnum og í lokin var tekin upp sú nýbreytni að flytja stutta samantekt af fundinum.

Stýrihópur verkefnisins

Stýrihópur verkefnisins skipa í lok árs 2014

- Árni Óðinsson fyrir Landsvirkjun
- Freyr Ævarsson fyrir Fljótsdalshérað
- Fríða Björg Eðvarðsdóttir fyrir Landvernd – tók við af Björgólfi Thorssteinssyni í upphafi árs
- Geir Sigurpáll Hlöðversson fyrir Alcoa Fjarðaál
- Páll Björgvin Guðmundsson fyrir Fjarðabyggð

Stýrihópur hittist á Egilsstöðum í mars á vinnufundi en að auki voru haldnir fjórir símafundir. Á fundi stýrihóps 27. október var ákveðið að birta fundargerðir stýrihóps á vefnum www.sjalfbaerni.is.

Kynningar

Kynningarátak í skólum hófst á haustmánuðum og stendur fram á næsta ár. Stefnt er að því að heimsækja alla grunn- og framhaldsskóla á Austurlandi og kynna verkefnið.

Vefurinn

Í nóvember og desember 2013 var einkum unnið við að uppfæra ensku útgáfu vefsins en fljótlega eftir áramót hófst uppfærsla ársins þar sem gögnum frá árinu 2013 var bætt við.

Við uppfærslu vísa á árinu var lögð áhersla á að staðla framsetningu gagna á vefnum. Farið var yfir gröf og töflur og þeim gefið númer, heimildaskráningar samræmdar o.s.frv. Bætt var við breytingasögu allra vísa.

Frá 30. október 2013 til 30. október 2014 heimsóttu 5.283 notendur vefinn alls 8.172 sinnum. Langflestir gestir síðunnar koma frá Íslandi eða 3121, þar á eftir koma Bandaríkin (459 gestir), Brasilía (269 gestir) og Bretland (163 gestir)